

Helena Stefánsdóttir

Frá: Bragi Bergsson
Sent: miðvikudagur, 21. desember 2022 14:42
Til: Helena Stefánsdóttir
Afrit: Erna Hrönn Geirsdóttir; Ingvar Jón Bates Gíslason
Efni: umsókn um nýtt deiliskipulag/ breytingu á deiliskipulagi : Deiliskipulag Norðurstrandar, strandsvæðis milli Faxagötu og Laugarness
Viðhengi: deiliskipulagsuppdráttur norðan við sæbraut, milli Hörpu og Laugarness.pdf
Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

hæhæ Helena,
skv. samtali sendi ég þér umsóknina í tölvupósti.
Meðfylgjandi er umsóknin og deiliskipulagsuppdrátturinn.

Umsókn:

Í tengslum við fyrirhugaða endurgerð sjóvarnargarðsins meðfram Sæbraut var ákveðið í samráði við Borghildi, Ernu og Ingvar, að gert yrði nýtt deiliskipulag fyrir ströndina norðan megin við Sæbraut, milli Hörpunnar og Laugarness. Á hluta svæðisins eru í gildandi þrjú deiliskipulög: Skúlagötuskipulagið 1986, Innsiglingarvitinn 2017 og Stækkun Hlemmtorgs 2020. Samhliða samþykkt þessarar deiliskipulagstillögu, verða gefnar út breytingar á þeim deiliskipulögum.

Helsta breytingin sem er að finna í þessar deiliskipulagstillögu er aflagning bílastæða við Sólharið og er það gert í samráði við Samgöngustjóra (GLE og BRI).

Einnig er staðsettur áningarstaður til móts við Kringlumýrarbraut, og hjólastígur sveigður í kringum hann, m.a. til þess að bæta öryggi.

Með deiliskipulagstillögunni er verið að festa í sessi núverandi stíga, listaverk og áningarstaði við strandlengjuna, og tryggja að útsýni og sjónlínur frá svæðinu út á sundin og til fjalla, haldist óskert.

Þá er eins og áður sagði, gert ráð fyrir að lagfæringar fari fram á sjóvarnargarðinum, en í stað þess að garðurinn verði hækkaður, er stefnt á að hann verði breikkaður út í sjó, þar sem þess er þörf, með sambærilegum hætti er nú þegar hefur verið gert við Eiðsgranda og Ánanaust.

Að öðru leyti vísa ég til skilmálatexta á meðfylgjandi deiliskipulagsuppdraetti.

kær kveðja,

Bragi Bergsson

Verkefnastjóri á deild gatna, lóða og opinna svæða

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Sími/mobile + 354 862-8222

Bragi.Bergsson@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is

www.reykjavik.is/trunadur



Deiliskipulag Norðurstrandar, strandsvæðis milli Faxagötu og Laugarness

Inngangur

Norðurströnd Reykjavíkur er mikilvægt útivistarsvæði og samgönguæð fyrir sjálfbæra ferðamátá. Útsýni yfir sundin til eyja og Esjunnar er aðdráttarafi og meðfram strandlengjunni eru áningarstaðir, listaverk og útsýniastaðir.

Markmið

Markmið deiliskipulags eru:

- að tryggja öryggi með bættum sjóvörnum við norðurströndina og vernda innviði;
- að stýðja við sjálfbærar samgöngur með vönduðum stofnstígum;
- Að tryggja góð tengsl borgarbúa og vegfarenda við hafið, s.s. með óskertum sjónlínum yfir sjávarflötinn og styrkja náttúrupplifun á strandsvæðinu;
- Að stuðla að vistvænni hönnun

1. Skipulagssvæðið

1.1 Staðsetning og afmörkun

Skipulagssvæðið nær frá mörkum deiliskipulags Austurhafnar, við Hörpu, að að deiliskipulagsmörkum Laugarness á mótis við Kirkjusand. Deiliskipulagsmörk fylgja nyrðri vegbrún Sæbrautar, sem er stofnbraut skv. svæðis- og aðalskipulagi. Veghelgunarsvæði Sæbrautar er 15 m frá miðlinu og nær því yfir hluta deiliskipulagssvæðisins. Veghaldari er Vegagerðin.

1.2 Staðhættir

Deiliskipulagssvæðið er á landfyllingu sem byggst hefur upp í áföngum á um 50 árum. Sjóvarnargarðurinn, sem er hlaðinn úr stórgryti (2-5 tonn), var fullgerður um aldamótin. Meðfram sjóvarnargarði er göngustígur og samsíða hjólastígur (stofnstígur).

Innan deiliskipulagssvæðis eru tvær lóðir; þ.e. lóð dælustöðvar á mótis við Kirkjusand sem var byggð árið 1987 og lóð innsiglingarvitans við Höfða sem var byggð 2018. Skipulagssvæðið er að öðru leyti án bygginga, yfirborð þess að mestu tún en undir yfirborði liggja veitulagnir, sem ekki eru skilgreindar í deiliskipulagi.

2. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

2.1 Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er landnotkun skipulagssvæðisins skilgreind sem „Strandsvæði“ – ST 7. Norðurströndin, sbr eftirfarandi stefnu: Strandsvæði (ST). Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki (gr. 6.2.w. skipulagsreglugerð).

Nánari stefna um strandsvæði er sett fram í aðalskipulagshefti B2. Græna borgin, sbr:

„Á strandsvæðum borgarinnar er gert ráð fyrir útivistariðkun og mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu svæðanna til útivistar og afþreyingar sérstaklega þeirri sem tengist útivistariðkun við sjó s.s. siglingar, bað- og sjósundsaðstöðu. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjun á strandsvæðum.“

2.2 Deiliskipulag

Á deiliskipulagssvæðinu eru gildi eftirtalдар áætlanir:

- Deiliskipulag Skúlagötusvæðis samþykkt 13. maí 1986, með síðari breytingum. Það nær yfir strandsvæðið frá Hörpu að Snorrabraut.
- Deiliskipulag fyrir innsiglingarvita við Höfða, samþykkt 12. maí 2017.
- Deiliskipulag fyrir Hlemm og nágrenni, umferðarskipulag og stækkun Hlemmtorgs, samþykkt 19. mars 2020 með síðari breytingum

Að öðru leyti er strandsvæðið án gildandi deiliskipulagsáætlana.

Deiliskipulag innsiglingarvitans við Höfða er fellt úr gildi með gildistöku þessa deiliskipulags.

Samhlða þessu deiliskipulagi er afmörkun skipulagssvæða Skúlugötusvæðis og Hlemms og nágrennis breytt til samræmis og þau færð að vegbrún Sæbrautar norðanmegin. Strætóbiðstöð í grennd við Sólfríð og bílastæði framan við listaverkið verða felld á brott.

3. Deiliskipulag – skilmálar

3.1 Sjóvarnargarður

Hönnun sjóvarnargarðs tekur mið af óhindruðum sjónlínum fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarenda út á sundin. Til að tryggja örugga sjóvörn án hækkunar grjótgardðsins er gert ráð fyrir þykkingu hans með 2 – 4 metra breiðri bermu út til sjávar.

Gert er ráð fyrir að sjóvarnargarðurinn verði með toppkóta á bilinu +4,7 m og +5,4 m í hæðarkerfi Reykjavíkur. Efsti hluti sjóvarnargarðs er um 4 metrar á breidd og er flái grjótgardðsins með að jafnaði um 1:1,5 halla út í sjó, sjá nánar kennisnið á skýringarmynd.

3.2 Lóðir

Deiliskipulagssvæðið er borgarland og innan þess eru tvær lóðir, sjá töflu 1.

Tafla 1

Lóðir	Stærð lóðar m²	Núverandi mannvirki – stærð m²
Sæbraut 101	3.198	Skólpælustöð og spennistöð. Birt flatarmál 374,2 m². Þak hæð 8,15 m yfir landhæð lóðar.
Sæbraut 91	38	Innsiglingarviti. 38 m². Þak hæð 5 m yfir aðkomuhæð (útsýnisfalli).

3.3 Göngu- og hjólastigar

Hönnun og gerð hjólastígs skal uppfylla viðmið um breidd, undirlag, halla, yfirborðsmerkingar og öryggi sem sett eru fram í hönnunarleiðbeiningum sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar fyrir hjóleiðar. Lega göngu- og hjólastíga er sýnd á uppdrátti. Minniháttar tilfærsla á legu stíga eru heimilar án þess að það kalli á breytingu deiliskipulags

Hjólastígur verði malbikaður og með frostpólið undirlag sem ber umferð viðhaldstækja, s.s. snjóruðningstækja. Breidd hjólastígs skal að minnsta kost 2,5 m sem tvístefnustígur.

Göngustígurinn, stofnstígur meðfram norðurströndinni, verði að lágmarki 3 m breiður, og tengistígur að honum yfir Sæbraut.

Göngu- og hjólastigar verði upplýstir.

3.4 Áningarstaðir, útigögn og listaverk

Meðfram göngustíg eru bekkir og æskilegt að milli bekkja sé ekki lengra en um 300 metrar. Innan skipulagsskvæðisins verði jafnframt að minnsta kosti einn vatnspóstur við göngustíg. Við efnisval skal áhersla lögð á að hagkvæmni og notagildi; byggingarefni veðrist vel, poli sjávarsettlu og hæfi umhverfinu.

Á skipulagssvæðinu er að finna listaverk með varanlegri umgjörð og staðsetningu. Þau eru „Sólfríð“ eftir Jón Gunnar Árnason, sem hefur óðlast sess sem vinsæll áningarstaður og kennileiti í borginni. „Fjöruverk“ eftir Sigurð Guðmundsson, sem samanstendur af allmörgum þússuðum granitsteinum, sem er raðað er í sjálfan sjóvarnargarðinn. Einnig eru þar listaverkin „Varðan“ eftir Jóhann Eyfells og „Partnership“ eftir Pétur Bjarnason. Á strandsvæðinu er heimilt að koma fyrir listaverkum í samræmi við almenn markmið aðalskipulags um gæði byggðar og list í almannrymi. Íburðarminni listskreytingar og listaverk sem falla vel að umhverfinu eru almennt heimil á skipulagssvæðinu og kalla ekki á sérstaka afmörkun á deiliskipulagsuppdrátti. Við staðsetningu listavera skal gætt að veghelgunarsvæði Sæbrautar og haft samráð við veghaldara.

3.5 Gróður og yfirborðsfrágangur

Gert er ráð fyrir að gróður verði meira áberandi í yfirbragði svæðisins. Gróðursvæðið verði byggt upp með líffræðilega fjölbreytni að leiðarljósi og stuðlað að fjölbreyttri gróðurþekju tegunda sem þrífast við sjávarsíðuna. Svæðið verði óslegið og stuðlað að sjálfbærari gróðurframvindu. Breyta má hæð yfirborðs en þó aldrei hærra en sem nemur hæð sjóvarnargarðs.

3.6 Náttúru- og menningarminjar


Skipulagssvæðið er á landfyllingu. Þar eru hvorki náttúru- né menningarminjar.

4 Umhverfismat


Deiliskipulagið setur skilmála um núverandi sjóvarnargarð og um stígakerfi og minniháttar framkvæmdir í þágu útivistar á strandsvæðinu. Framkvæmdir innan svæðisins falla ekki undir ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar um umhverfismat deiliskipulags er hér gerð grein fyrir áhrifum tillögu á helstu umhverfispætti.

- Landslag og ásjúnd. Viðhald og endurbætur sjóvarnargarðs fela ekki í sér hækkun sem rýrir sjónlínum út á sundin. Áhrif skipulagsins eru metin óveruleg á landslag og ásjúnd.
- Mannvirki og efnisleg verðmæti. Styrking og viðhald sjóvarnargarðs eykur öryggi mannvirkja gagnvart ágangi sjávar. Áhrif skipulagsins eru jákvæð á mannvirki og efnisleg verðmæti.
- Útivist. Settir eru skilmálar um stofnstígakerfið, áningarstaði og útigögn sem bæta aðstæður til útivistar. Áhrif skipulags eru jákvæð á útivist.
- Gróðurfar. Skipulag gerir ráð fyrir að gróðursvæði verði útfærð með fjölbreyttari plöntum og sjálfbærari gróðurframvindu. Áhrif á gróðurfar eru jákvæð.




Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, þéttbýlisuppdráttur - Ekki í kvarða.




SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Innkeyrsla að dælustöð
- Gangstétt
- Hjólastígur
- Varnargarður
- Mannvirki og áningarstaður
- Listaverk
- Gróðursvæði
- Sjóveita



Kennisnið, leiðbeinandi



Deiliskipulag fyrir innsiglingavita við Höfða - fellur úr gildi

Samþykkt

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____

þann _____ 2023 og í _____ þann _____ 2023

Tillagan var auglýst frá _____ 2023, með athugasemdafresti til _____ 2023.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 2023.

Kortagrunnar: LUKR
Hnitakerfi: ISN93.

Kvarði: 1:2500 (A1)

Útg. Dags. Tíðni Skipulag

VSÓ RÁÐGJÖF

Telkning: 22435-DSK-T-U-01

Dagsetning: 12.12.2022

Skipulag: HTT/HJA

Yfirfarið: AK



UMHVERFIS OG SKIPULAGSSVIÐ

SKRIFSTOFA FRAMKVÆMDA OG VIÐHALDS
BORGARTÚNI 12 - 14, 105 REYKJAVÍK

